

Miðvikudaginn 4. febrúar 1970.

Nr. 109/1969. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Kjartan Reynir Ólafsson hdl.)

gegn

Ólafi S. Vilhjálmssyni og gagnsök

(Gísli G. Ísleifsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vinnuslys. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 10. júní 1969. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu og að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn niður falla.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 20. júní 1969. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 393.280.00 með 7% ársvöxtum frá 18. febrúar 1961 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en hann hafði gjafsókn í héraði og hefur einnig fengið gjafsókn hér fyrir dómi með leyfi 2. janúar 1970.

Málsatvikum er skilmerkilega lýst í héraðsdómi.

Telja verður sannað, að gagnáfrýjandi hafi slasazt af steini, sem á hann hafi hrunið, er hann var við vinnu sína 18. febrúar 1961. Ljóst er, að nokkur hætta var af steinhruni á veginn, þar sem gagnáfrýjandi var við vinnu, sérstaklega þar sem stormur var og hláka. Bar fyrisvarsmönnum Vegagerðar ríkisins því að sjá til þess, að starfsmenn hefðu hlífðarhjálma til nota við vinnu sína í umrætt sinn, sbr. 5. gr. og 25. gr. laga nr. 23/1952.

Svo sem í héraðsdómi er rakið, hafði gagnáfrýjandi unnið hjá Vegagerð ríkisins um margra ára skeið, m. a. við veg þann, þar sem slysið varð. Var hann því gerkunnugur staðháttum öllum og hættu þeirri, er þarna gat verið af steinhruni.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með vísun til raka héraðsdóms þykir mega staðfesta úrlausn hans um skiptingu á fébótaabyrgð vegna slyss þessa.

Kröfur sínar í málinu sundurliðar gagnáfrýjandi þannig:

1. Bætur fyrir tímabundna og varanlega örorku að frádregnum bótum frá Tryggingastofnun ríkisins, kr. 60.085.00 kr. 293.280.00
2. Bætur fyrir þjáningar og röskun á stöðu og högum — 100.000.00

Kr. 393.280.00

Um 1. Guðjón Hansen tryggingafræðingur hefur með líkindareikningi reiknað verðmæti tjóns gagnáfrýjanda af slysi þessu. Telur hann verðmæti tjóns gagnáfrýjanda vegna tímabundinnar örorku nema kr. 33.217.00 og vegna varanlegrar örorku kr. 304.297.00. Aðaláfrýjandi greiddi gagnáfrýjanda fullt kaup allan þann tíma, sem hann var frá vinnu vegna slyssins. Að þessu athuguðu þykir tjón gagnáfrýjanda hæfilega metið kr. 180.000.00, og hafa þá verið frádregnar bætur frá Tryggingastofnun ríkisins, kr. 60.085.00.

Um 2. Tjón gagnáfrýjanda samkvæmt þessum lið þykir hæfilega metið kr. 40.000.00

Heildartjón gagnáfrýjanda af slysi þessu nemur því kr. 220.000.00. Ber aðaláfrýjanda að bæta $\frac{3}{4}$ hluta þess, eða kr. 165.000.00, með vöxtum, svo sem krafizt er, enda hefur upphafstíma vaxta og vaxtahæð eigi verið andmælt.

Gagnáfrýjandi hafði gjafsókn í máli þessu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Gjafsóknarkostnaður allur greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 52.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Ólafi S. Vilhjálmssyni, kr. 165.000.00 með 7% ársvöxtum frá 18. febrúar 1961 til greiðsludags.

Gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans í héraði og fyrir Hæstarétti, Gísla G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 52.000.00.

S é r a t k v æ ð i

Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Eftir gögnum málsins verður við það að miða, að hrapandi steinn hafi snert höfuð gagnáfrýjanda hinn 18. febrúar 1961, þá er hann var að höggva klaka úr ræsi á veginum rétt utan við Súðavíkurhlið, og að hann hafi af því hlotið lemskur það, sem í málinu greinir.

Gagnáfrýjandi hefur lýst því, „að á Súðavíkurhlið sé grjóthrun mjög sjaldgæft“. Vitnið Eiríkur Sveinbjörn Veturliðason, sem vann með gagnáfrýjanda, þá er slysið varð, segir, að „töluvert grjótkast sé í hliðinni, einkum í hláku“. Hann álítur, „að álíka mikið grjóthrun sé í Óshlið og Súðavíkurhlið“. Tveir vottorðsgefendur telja mikið grjóthrun vera á veginum frá Arnardalshamri til Súðavíkur, „mest í rigningartíð, en ávallt nokkuð“. Vegamálastjóri lætur svo mælt í bréfi 20. janúar 1970, að enginn vafi sé á, að grjóthrun sé „mun meira á Bolungarvíkurveg úr Óshlið en á Súðavíkurveg úr Súðavíkurhlið“. Súðavíkurvegur hafi verið opnaður til umferðar 1949 og sé „Vegagerð ríkisins ekki kunnugt um, að orðið hafi önnur slys á mönnum vegna grjóthruns á þeim vegi en slys það, sem“ gagnáfrýjandi „varð fyrir 18. febrúar 1961“.

Vitnið Eiríkur Sveinbjörn Veturliðason og gagnáfrýjandi höfðu, áður en slysið varð, um langan tíma unnið að viðgerð og viðhaldi á vegum vestur þar. Kveðast þeir oft hafa verið við hreinsun á grjóti og klaka undir háum klettabeltum og skriðum, en höfðu eigi stálhjálma sér til hlífðar fyrir grjótkasti. Stálhjálmar hafi einungis verið notaðir við gerð jarðgangna og sprengingar. Gagnáfrýjandi „kveðst ekki hafa óskað eftir því að hafa hjálmana meðferðis, enda ekki venja

á þeim tíma“. Vitnið Eiríkur Sveinbjörn Veturiðason segir, „að þeir þungir stálhjálmar hafi verið til hjá Vegagerðinni, en þeir voru ekki meðferðis“, þegar slysið varð. Vitnið segir, „að þeir hafi getað fengið þessa hjálma, ef þeir hefðu óskað eftir því, en þetta hafi verið þungir hjálmar og mjög illt að hafa þá við klakahögg“. Charles Bjarnason yfirverkstjóri hafi „ekki lagt fyrir þá að hafa hjálma, en sjálfur kveðst“ Eiríkur Sveinbjörn „hafa verið svo vanur að nota ekki hjálma, að hann hafi ekki hugsað út í, að hætta væri því samfara“.

Það fer vitaskuld eftir aðstöðunni hverju sinni, hvort starfsvanir menn, er viðhafa varúð og gát, telja hjálma nauðsynlega. Reynsla hefur sýnt, að aukið öryggi er að slíkum hjálum á stöðum, þar sem hætta er á grjóthruni. Þetta hefðu þeir gagnáfrýjandi og Eiríkur Sveinbjörn Veturiðason átt manna bezzt að vita, með því að þeir unnu að staðaldri að vegahreinsun og vegaviðgerð á þeim slóðum, sem hér er um að tefla. Þeir höfðu eigi hjálma meðferðis, þótt til taks væru. Hins vegar er á það að líta, að fyrirsvarsmaður Vegagerðarinnar hefði átt að áminna þá um notkun hjálma, en það lét hann undir höfuð leggjast. Að svo vöxnu máli er rétt að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda hálfar bætur.

Dómendur eru sammála um að sundurliða tjón gagnáfrýjanda með þeim hætti, sem greinir í atkvæði meiri hluta dómenda, og meta það kr. 220.000.00. Ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda helming þeirrar fjárhæðar, þ. e. kr. 110.000.00, ásamt vöxtum, svo sem krafizt er, enda hefur upphafstíma vaxta eigi verið sérstaklega mótmælt.

Gjafsóknarkostnaður greiðist allur úr rikissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 43.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Ólafi S. Vilhjálmsyni, kr. 110.000.00

ásamt 7% ársvöxtum frá 18. febrúar 1961 til greiðsludags.

Gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans í héraði og fyrir Hæstarétti, Gísla G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmans, kr. 43.000.00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. apríl 1969.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. marz, hefur stefnandi, Ólafur S. Vilhjálmsson, Urðarvegi 15, Ísafirði, höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, útgefinni 30. marz 1966, á hendur fjármálaráðherra vegna Vegagerðar ríkisins til greiðslu á skaðabótum að upphæð kr. 500.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 18. febrúar 1961 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi kröfu sína niður í kr. 393.280.00.

Af hálfu stefnda er aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, svo sem málið væri ekki gjafsóknarmál. Til vara, að stefnukrafan verði lækkuð verulega, meðal annars vegna sakarskiptingar, og verði málskostnaður þá látinn niður falla. Að því er vaxtaupphæðina snertir, verði miðað við 7% ársvexti og þeir einungis reiknaðir frá stefnudegi. Stefnandi hefur fengið gjafsóknarleyfi, útgefið 26. marz 1966.

Í stefnu er þannig greint frá atvikum, að hinn 18. febrúar 1961 hafi stefnandi verið við vinnu að vegagerð í Súðavíkurhlíð í Ísafjarðarsýslu, er steinn féll í höfuð honum og slasaði hann. Stefnandi var þegar í stað fluttur á Sjúkrahús Ísafjarðar, og kom þá í ljós, að hann hafði hlotið mikinn áverka á höfuð, og lá hann næstu sjö vikur á sjúkrahúsinu. Verður afleiðingum af slysi þessu lýst nánar síðar.

Ekki lét Vegagerð ríkisins neina rannsókn fara fram í sambandi við slys þetta. Þann 19. marz 1962 skrifar lögmaður stefnanda, Gísli Ísleifsson, sýslumanninum í Ísafjarðarsýslu bréf, þar sem hann óskar eftir, að lögreglurannsókn fari fram. Hún hófst svo 24. marz 1962, og verður nú hér á eftir rakið það, sem fram kom við rannsóknina, og einnig það, sem upplýst hefur verið við dómsrannsókn á síðara stigi málsins.

Stefnandi kveðst hafa byrjað að vinna hjá Vegagerð ríkisins árið 1946 og hafi þá unnið ýmsa vinnu, t. d. á veghefli, sem

Vegagerðin á. Þann 18. febrúar 1961 kveðst hann hafa farið til vinnu kl. 0800 um morguninn ásamt Eiríki Sveinbirni Veturliðasyni og hafi þeir átt að hreinsa veginn í Súðavíkurhlíð. Veður var þannig, að rigning gekk yfir öðru hverju, og jafnframt var vegurinn klakabarin og öll ræsi full af klaka.

Klukkan 1600 þennan dag voru þeir við vinnu utan við svo nefnt Bjarg í Súðavíkurhlíðinni og voru þá að höggva klaka upp úr ræsi. Kveðst stefnandi hafa staðið þétt upp við klettavegg, sem var fyrir ofan hann, eða nánar tiltekið hálfan til einn metra frá klettinum, og snúið vinstri hlið að berginu. Laut hann fram og hjó með hjökku í klaka, er sezt hafði í ræsið og stíflað það.

Allt í einu fann hann, að eitthvað þungt féll í höfuð honum og missti þá um leið meðvitund. Vissi hann ekki af sér fyrr en á Sjúkrahúsi Ísafjarðar.

Eftir að stefnandi komst til meðvitundar á sjúkrahúsinu, hafði hann óþolandi kvalir í höfðinu og leið mjög illa. Hann kvaðst hafa legið á Sjúkrahúsi Ísafjarðar frá 18. febrúar til 8. apríl 1961. Þá fór hann á fætur, en leið miklar þrautir í höfði. Þann 15. apríl 1961 fór hann til Reykjavíkur til þess að leita sér lækninga. Þegar hann kom heim aftur, var hann frá vinnu um nokkurn tíma. Síðan vann hann öðru hverju, en hafði jafnan verk í höfði og átti bágð með erfiðisvinnu.

Stefnandi skýrði svo frá, að Charles Bjarnason yfirvegaverkstjóri hafi sent sig ásamt Sveinbirni Veturliðasyni í þessa ferð. Ekki hafi stálhjálmar eða hlífðahjálmar verið hafðir meðferðis og ekki hafi verið venja þá að nota slíka hjálma, þótt unnið væri við vegaviðgerðir í hlíðum eins og Súðavíkurhlíð og Óshlíð, þar sem grjóthrun var tíður viðburður. Stefnandi kveðst heldur ekki hafa óskað eftir því að hafa hjálmana meðferðis, enda hafi það ekki verið venja á þeim tíma. Eftir slysið kveðst stefnandi hins vegar ekki vita betur en hjálmar hafi verið notaðir, en þá hafi verið komin önnur og léttari gerð af þeim, eða svokallaðir plasthjálmar. Hins vegar hafi þeir hjálmar, sem til voru, er slysið varð, verið mjög þungir og erfitt að bogra með þá.

Ekki kveðst stefnandi muna til þess, að hann hafi heyrt neitt, sem benti til grjóthruns, áður en slysið varð. Hann telur, að meiðsli sín hefðu ekki orðið slík, sem þau urðu, ef hann hefði notað hjálm, því að steinninn muni aðeins hafa strokizt við höfuð sér.

Við dómsrannsókn 27. febrúar 1969 skýrði stefnandi svo frá, að honum fyndist minni sitt hafa farið versnandi upp á síðkastið,

og setur hann það í samband við slysið. Þá skýrði hann svo frá, að hann hefði ekki tapað í tekjum hjá Vegagerðinni, þótt hann hafi orðið að fara frá vinnu vegna höfuðverkjar öðru hverju, því að Vegagerðin hafi jafnan reiknað sér fullan vinnudag.

Vitnið Eiríkur Sveinbjörn Veturliðason, sem var með stefnanda, er slysið vildi til, hefur skýrt svo frá atvikum: Laugardaginn 18. febrúar 1961, kl. 1600, kveðst vitnið ásamt stefnanda hafa verið að höggva klaka úr ræsi inni í Súðavíkurhlíð rétt hjá svokölluðu Bjargi, en þar liggur vegurinn inn hlíðina, og er klettaveggur fyrir ofan hann.

Veðri var þannig háttað, að rigningarsúld var og þoka í fjöllum. Vegurinn var klakaborinn, og þar sem þeir voru við vinnuna, hafði myndast pollur í veginn upp við klettavegginn. Vitnið kveðst hafa verið hétt hjá Ólafi, og mokaði það klakann niður fyrir veginn, en stefnandi hjó klakann upp úr ræsinu. Nokkur stormur var og sjávarhljóð, meðan þeir unnu þarna.

Af einhverjum ástæðum kveðst vitnið hafa snúið sér frá stefnanda, og er það leit við aftur, sá það, að hann hafði fallið á grúfu ofan í skurðinn, sem var fullur af vatni, og um leið sá það stein velta fram á veginn og stöðvast, þegar hann var kominn langleiðina að miðjum vegi. Ekkert hljóð heyrði það, sem benti til þess, að grjóthrun væri á leiðinni niður hlíðina. Vitnið brá óðar við og náði stefnanda upp úr skurðinum, og segir það, að hann hefði drukknað, ef það hefði ekki komið honum þegar í stað til hjálpar. Vitnið bar stefnanda, sem var meðvitundarlaus, út á vegarkantinn og lagði hann þar til. Sá það þá, að sár var á höfði hans, og þóttist þá fullvisst, að steinn sá, sem féll á veginn, hefði snert það.

Vitnið kveðst hafa verið mjög illa statt, er það var þarna eitt með stefnanda meðvitundarlausan og enginn til hjálpar. Það kveðst hafa lotið yfir hann, og sá það þá, að hann rankaði eitthvað við, vildi standa upp og reika eitthvað stefnulaust.

Þegar vitnið hafði setið þannig yfir stefnanda og haldið honum föstum í um það bil fimmtán mínútur, þóttist það sjá, að við svo búíð mætti ekki lengur standa og ætlaði að bera stefnanda að jeppabífreið þeirri, er þeir höfðu til umráða. Þegar það var að búa sig undir það, sá það bífreið koma eftir veginum, og var hún á leið inn í Súðavík. Bífreiðarstjóri var Ríkharður Björgvinsson, og kom hann strax vitninu til hjálpar. Þeir komu svo stefnanda inn í jeppabífreiðina og óku af stað út til Ísafjarðar. Lá stefnandi í bífreiðinni meðvitundarlaus.

Þegar þeir komu nokkuð inn fyrir Arnardal, kom héraðslæknirinn, Ragnar Ásgeirsson, til móts við þá, og rannsakaði hann þegar hinn slasaða mann, og færðu þeir hann yfir í bifreið læknisins. Nokkru innar mættu þeir sjúkrabifreið, en læknirinn taldi ekki ráðlegt að færa stefnanda milli bifreiðanna.

Vitnið skýrði svo frá, að Charles Bjarnason yfirverkstjóri hefði sent þá til þessa verks. Kveðst vitnið hafa verið eins konar undirverkstjóri. Charles hafi ekki lagt fyrir þá að hafa hjálma, og sjálft kvaðst vitnið hafa verið svo vant að nota þá ekki, að það hafi ekki leitt hugann að því, að slíkt gæti verið hættulegt. Vitnið tók fram, að þrír þungir stálhjálmar hefðu verið til hjá Vegagerðinni, en þeir voru ekki hafðir með í þessa ferð. Vitnið tók þó fram, að þeir mundu hafa getað fengið þessa hjálma, ef þeir hefðu óskað eftir því, en þetta hafi verið þungir hjálmar og mjög illt að hafa þá við klakahogg.

Vitnið tók enn fremur fram, að það og stefnandi hafi unnið oft að viðgerð og viðhaldi á vegum í nánd við Ísafjörð. Hafi þeir oft hreinsað grjót og klaka af vegum undir háum klettabeltum og skriðum og höfðu aldrei stálhjálma til hlífðar fyrir grjótkasti. Um vorið eftir slysið segir vitnið, að Lýður Jónsson hafi tekið við starfi yfirverkstjóra og hafi hann skipað svo fyrir, að notaðir skyldu hjálmar við vinnu í Súðavíkurhlíð og Óshlíð. Þá voru einnig teknir í notkun nokkrir léttir plasthjálmar.

Aðspurt sagði vitnið, að mikið grjóthrun væri í Óshlíð og Súðavíkurhlíð, en hin eiginlega Súðavíkurhlíð væri nokkuð fyrir innan slysstaðinn. Eftir slysið hafi þó hjálmar ekki síður verið notaðir á slysstaðnum en innar í hlíðinni.

Þá tók vitnið fram, að oft hafi verið misbrestur á, að hjálmar væru hafðir meðferðis. Vitnið kvaðst þó reikna með, að hefðu þeir haft hjálma meðferðis í þetta skipti, mundu þeir hafa notað þá, sérstaklega með tilliti til þess veðurs, sem þá var. Þá sagðist vitnið álíta, að hjálmur hefði að minnsta kosti dregið úr slysinu og ef til vill alveg forðað því (sic). Eftir slysið flutti vitnið stein þann, sem lenti í höfði stefnanda, út á Ísafjörð, þar sem Charles Bjarnason yfirverkstjóri tók hann í vörzlu sína, og hefur steinn þessi verið afhentur dóminum sem dskj. nr. 16. Vitnið tók fram, að vegurinn hafi allur verið klakabryddur, og minntist ekki þess að hafa séð neinn annan stein á veginum. Ekki gat vitnið gert sér neina grein fyrir, hversu ofarlega úr hlíðinni steinninn hafði komið.

Úlfur Gunnarsson, yfirlæknir Sjúkrahúss Ísafjarðar, hefur komið fyrir dóm og borið eftirfarandi:

Vitnið skýrði svo frá, að það teldi, að áverkar þeir, sem stefnandi hafi haft, er hann kom á sjúkrahúsið, geti ekki stafað frá öðru en steini, sem fallið hafi á hann, eftir þeim upplýsingum, sem fyrir lágu um slysið, frá þeim, er fluttu hinn slasaða mann á sjúkrahúsið. Vitnið telur, að áverkinn hafi verið það mikill, að hann hafi ekki getað orsakast af falli mannsins miðað við aðstæður. Þá tók vitnið fram, að það líti svo á, að steinninn muni hafa snert höfuð stefnanda, en höfuðið kastast frá um leið. Ekki kvaðst læknirinn hafa stundað stefnanda, eftir að hann fór af spítalanum.

Ragnar Ásgeirsson, héraðslæknir á Ísafirði, kom fyrir dóm 27. febrúar 1969. Vitnið skýrði svo frá, að þar sem langt væri liðið frá því, að atburðir þessir gerðust, væru þeir farnir að óskýrast í huga sér. Sér hafi komið meiðsli mannsins þannig fyrir sjónir, að augljóst hafi verið, að hann hafi ekki hlotið slíkan áverka við að falla, heldur muni steinn hafa fallið í höfuð honum. Til þess, að svo hafi verið, hafi sárið eindregið bent, sérstaklega með tilliti til þess, að sárflippinn hafði rifnað frá höfuðkúpunni niður á við (caudalt).

Vitnið sagði, að sér fyndist miklar líkur til þess, að stálhjálmur hefði forðað slysinu (sic), þar sem steinninn virtist hafa fallið á ská niður með höfði stefnanda. Vitnið kvaðst ekki treysta sér til að segja um, hvort plasthjálmur hefði gert sama gagn, en telur það vafasamt. Til staðar í réttinum var plasthjálmur, sem vitninu var sýndur, og taldi það, að hann hefði alla vega dregið úr áverkanum. Héraðslæknirinn kvaðst lítið hafa stundað stefnanda, eftir að slysið varð. Þá taldi héraðslæknirinn ekki ráðlegt af heilsufarsástæðum að leiða Charles Bjarnason, fyrrverandi yfirverkstjóra, fyrir dóm, enda kröfðust lögmenn aðilja þess ekki.

Lagt hefur verið fram í dóminum vottorð Björgvins Bjarnasonar og Ríkharrs Björgvinssonar, en það munu vera þeir menn, sem oftast fara um Súðavíkurhlíðina. Vottorð þeirra er á þessa leið:

„Við undirritaðir, sem sérstaklega síðastliðin níu ár höfum mjög oft átt leið um veginn frá Arnardalshamri til Súðavíkur, Norður-Ísafjarðarsýslu, er ljúft að votta, að á vegi þessum er mikið grjóthrun. Að sjálfsögðu er hrunið mest í rigningartíð, en ávallt nokkuð“.

Vottorði þessu hefur ekki verið mótmælt sem óstaðfestu.

Hafa nú verið raktir framburðir þeirra, sem fyrir dóm hafa komið.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að slys það, sem hér um ræðir, hafi fyrst og fremst orsakast af því, að yfirverkstjóri vanrækti þá sjálfsögðu öryggisráðstöfun að fyrirskipa starfsmönnum sínum að nota stálhjálma til hlífðar fyrir grjóthruni við vinnu sína í umrætt sinn. Yfirmönnum stefnanda átti að vera ljóst, að mikil hættu stafaði af grjóthruni, sem jafnan er á þeim stöðum, sem þeir þurftu að vinna verk sín þennan dag.

Hefði stefnanda verið fyrirskipað að nota hlífðarhjálma, mundi ekkert slys hafa orðið. Orsakir slyssins megi því eingöngu rekja til óaðgæzlu verkstjóra stefnda og ófullnægjandi vinnuútbúnaðar, sem hvort tveggja sé á ábyrgð hans. Um sakarskiptingu telur stefnandi, að ekki sé að ræða. Af þessum ástæðum beri stefndi fulla fébótaábyrgð á tjóni, er stefnandi varð fyrir af völdum umrædds slyss.

Stefndi reisir sýknukröfur sínar á því, að slys það, sem hér um ræðir, hafi orsakast vegna einskærrar óhappatilviljunar. Hvort sem hinn slasaði maður hafi dottið á hálku eða steinn ofan úr hlið hafi lent á honum, þá sé þar við engan sérstakan að sakast. Hann mótmælir því alveg sérstaklega, að verkstjórn eða verkstílhögun sé á nokkurn hátt um að kenna. Staðurinn, þar sem verkið var unnið, geti ekki talizt hættulegur og umrætt starf sé heldur ekki hættulegt almennt séð.

Slys og tilviljanir, eins og hér um ræðir, geti hins vegar alltaf hent alla. Engra sérstakra öryggisráðstafana hafi verið þörf né heldur venja að nota t. d. stálhjálma og alls engin lagaskylda hafi verið til slíks við aðstæður þær, sem fyrir hendi voru. Allt öðru máli gegni við jarðgöng eða sprengingar.

Þá er því haldið fram, að litlu hefði hér um breytt, þótt hinn slasaði maður hefði haft hlífðarhjálma á höfði. Honum hefði orðið að því litil vörn eða viðnám fyrir hinum 26 punda steini, sem kom fljúgandi ofan úr fjallshlíðinni. Þegar af þessum ástæðum beri að sýkna stefnda af kröfum stefnanda. Verði hins vegar ekki fallizt á algera sýknu, beri að skipta sökinni milli aðilja og meta tjónbætur til stefnanda með hliðsjón af þeirri sakarskiptingu.

Áður en vikið er að málsástæðum aðilja, þykir rétt að lýsa nokkuð staðháttum, þar sem slysið varð.

Súðavíkurhlið er vestan Álftafjarðar og nær frá Súðavíkur-

þorpi eða mynni Sauradals allt út að Arnarnesi, sem er á milli Álftafjarðar og Skutulsfjarðar. Hlíðin er allt að 700 metrum há, innan til með skriðum og miklum klettabeltum allt út að Arnardalshálsi. Undirlendi er lítið sem ekkert á allri hlíðinni, og áður fyrr lá reiðvegur svo að segja í fjörunni. Eins og önnur fjöll á Vestfjörðum er hlíðin hlaðin upp af blágrýtislögum, en innan um þunn lög af rauðleitu gosbergi á stöku stað. Öll er hlíðin sundurskorin af giljum og vatnsrásum, sem bera fram grjót og aur í leysingum. Hún er óvída snarbrött og því víða grasi og kjarri gróin á klettahjöllum, en gróðurlausar aurskriður á milli. Þverhnýpt berg er aðeins við efstu brúnir og í einstaka klettahjöllum.

Akvegur var lagður um hlíðina árið 1948. Honum var valinn staður neðarlega í skriðunum, sums staðar í ca. 30—40 metra hæð, en annars staðar lægra yfir sjó, einkum yzt og innst. Skammt fyrir innan Arnarnestána liggur vegurinn í gegnum 30 metra löng jarðgöng, þau fyrstu sem gerð voru hér á landi, í gegnum hinn svokallaða Arnarneshamar. Þar er vegurinn frekar lágt yfir sjó, ca. 10—12 metra, og er svo inn fyrir Hafnir að svo nefndu Bjargi, sem er nokkuð hár klettahjallur utan í Arnardalshálsinum. Fyrir innan Bjargið hækkar svo vegurinn aftur fyrir ofan Vébjarnarvog, Búðarhamar og Götu. Undir Bjargi er vegurinn ca. 6—10 metra yfir sjó, en fjaran þar fyrir neðan er stórgrýtt og þanghleinar í sjó fram.

Þegar dómendur og lögmenn aðilja gengu á vettvang hinn 27. febrúar síðastliðinn og tóku ljósmyndir þær, sem lagðar hafa verið fram á dskj. nr. 33—36, var vegurinn klakalagður og hlíðin nokkuð snævi þakin, en klettabelti snjólaus. Svellalög voru í kringum Bjargið, svo að ógerlegt reyndist að mæla nákvæmlega hæð þess.

Svo sem sjá má af meðfylgjandi ljósmyndum, er hamraberg fyrir ofan stað þann, er stefnandi stóð á, er slysið varð, ca. tveggja til þriggja mannhæða hátt og slútir nokkuð fram yfir sig, eins og sést á dskj. nr. 36. Fyrir ofan þetta klettabelti tekur við aflíðandi brekka, ca. 5—8 metra löng, upp að næsta klettabelti fyrir ofan, sem er ca. 7—8 mannhæðir. Eftir það er hlíðin aflíðandi upp undir efstu brún.

Stefnandi og maður sá, sem með honum var, er slysið varð, komu einnig á vettvang og voru sammála um, að þeir hefðu staðið sem líkast því sem dskj. nr. 35 sýnir. Hefur því ekki verið mótmælt.

Eins og allri aðstöðu hefur nú verið lýst, er ljóst, að stefnandi

og maður sá, sem með honum var, voru við vinnu sína á hættulegum stað, þar sem við slík veðurskilyrði, sem voru, var sérstök ástæða til þess að óttast grjóthrun úr hliðinni eða berginu fyrir ofan þá.

Nokkur hávaði hlaut óhjákvæmilega að fylgja vinnu þeirra, klakahögginu, og þar sem sjávarhljóð mun einnig hafa verið, torvelldaði þetta tvennt þeim mjög að heyra eða verða á annan hátt varir við hugsanlegt grjóthrun úr hliðinni fyrir ofan eða berginu. Verður því að álitu dómsins ekki annað séð en starf það, sem stefnandi vann í þetta skipti, hafi verið unnið við hættulegar aðstæður og hafi því verið fyllsta ástæða til að viðhafa alla þá varúð, sem við varð komið. Til þess að stefnandi gæti unnið verk sitt, varð hann að standa eins nálægt berginu eða brún vegarins og hann gerði. Ekkert hefur komið fram í skjölum málsins, sem bendi til þess, að hann hafi staðið óeðlilega að því eða unnið það á annan hátt en rétt var.

Skal nú vikið að þeirri málsástæðu stefnda, að ekki sé fullvíst, að steinn sá, sem lagður hefur verið fram í dóminum, hafi valdið þeim áverka, sem stefnandi hlaut, heldur hafi hann fengið aðsvif og dottið fram yfir sig á veginn og slasast á þann hátt. Úlfur Gunnarsson yfirlæknir og Ragnar Ásgeirsson héraðslæknir hafa báðir fyrir dómi lýst því yfir, að þeir telji útilokað, að stefnandi hafi hlotið áverka þann, er hann bar, við að detta á veginn, þegar til þess er lítið, hvernig sárið leit út.

Á þessa skoðun getur dómurinn fallið. Hinn sérfróði dómari rannsakaði meiðsli stefnanda, sem ennþá eru sjáanleg. Á vinstra gagnauga mátti sjá ör, vel gróið og grann, ca. 7 cm langt. Svo virtist sem örin væru tvö, og lágu hvort í framhaldi annars með lítilli húðbrún á milli. Örin byrja framan á enninu beint upp af ytri augnkróknum (þeim sem nær er eyranu), aðalstefnan er beint aftur horisonalt með conveggssveigju upp á við og liggur ca. 11 cm ofan við eyrað. Greinilega finnst (og sést) dæld í höfuðkúpunni 1.5—2 cm neðan við örið. Aðalstefna þessarar dældar er líka horisontal og finnst greinilega á ca. 5 cm löngu svæði. Staðsetning höfuðkúpubrotsins gagnvart húðsárinu sýnir, að stefna áverkans hlýtur í meginatriðum að hafa verið vertical, en ekki komið frá hliðinni.

Með þessu má telja nægilega sannað, að áverkinn sá, sem stefnandi hlaut, hafi stafað af völdum steins, sem snert hafi höfuð hans, eins og fram kemur í málinu.

Kemur þá til álita, hvort hlífðarhjálmur hefði getað, eins og

á stóð, dregið úr áverkanum eða jafnvel alveg forðað slysi (sic). Það er álit hinna sérfróðu dómenda, að hlífðahjálmur, hvort sem verið hefði stálhjálmur eða plasthjálmur, hefði getað dregið mjög úr áverkanum eða jafnvel forðað honum algerlega (sic), einkum þegar þess er gætt, að steinninn hlýtur að strjúkast með höfði stefnanda vinstra megin, en lenti ekki beint ofan á því.

Steinn sá, sem lagður hefur verið fram í málinu, er 13 kg. að þyngd. Á lengd er hann sem næst 33 cm, breidd 21 cm og þykkt 10 cm. Steinninn er augljóslega úr blágrýti, nokkuð óreglulegur í lögun og með hvössum brúnum. Ekki er unnt að segja til um, hvaðan hann kom, en litur hans bendir frekar til þess, að hann hafi komið úr efra klettabeltinu, þótt ekkert verði um þetta fullyrt. Ekki sjást á steininum nein merki um blóð eða annað, sem gefur til kynna, hvaða hluti steinsins hefur snert stefnanda.

Við dómsrannsókn hefur verið upplýst, að til voru hjá Vega-gerð ríkisins á Ísafirði þrír stálhjálmar, sem munu hafa verið tiltækir og nothæfir. Dóminum var sýndum einn þessara hjálma. Var það gamaldags gerð af stálhjálmi, nokkuð þungur í meðförum, en traustur. Undirverkstjóri sá, sem með stefnanda var, er slysið vildi til, hefur borið fyrir dómi, að þeir hefðu getað fengið þessa hjálma, ef þeir hefðu óskað eftir því. Enn fremur hefur stefnandi lýst því yfir fyrir dómi, að hann hafi ekki óskað eftir að hafa hjálmana með í ferðina, enda ekki verið venja á þeim tíma. Þá er það enn fremur upplýst í málinu, að yfirverkstjórinn, Charles Bjarnason, lagði ekki fyrir stefnanda eða mann þann, sem með honum var, að nota hjálmana við vinnuna.

Það er álit dómsins, að ef stefnandi hefði haft hlífðarhjálma á höfði við verk sitt, mundi hann hafa dregið verulega úr meiðslum stefnanda eða alveg forðað slysi (sic). Þykir því mega rekja orsök slyssins til þeirrar vangæzlu, að ekki var notaður hlífðarhjálmur við umrætt verk. Þar sem yfirverkstjóri stefnanda, Charles Bjarnason, vanrækti þá skyldu sína að fyrirskipa stefnanda og manni þeim, sem með honum var í umrætt skipti, að nota stálhjálma, þykir verða að leggja fábótaábyrgð á hendur stefnda vegna slyssins að nokkrum hluta.

Hins vegar er þess að gæta, að stefnandi var vanur vegagerðarmaður og gerkunnugur öllum staðhátum. Honum var kunnugt um, að til voru stálhjálmar, og mátti honum vera ljóst, hve mikið öryggi var í því að nota þá. Með því að gera engar kröfur og hafast ekkert að, til þess að hjálmar þessir væru hatðir með í slíkum ferðum og notaðir, hefur hann sjálfur átt nokkurn þátt

í slysinu, og þykir eftir atvikum rétt, að hann beri sjálfur nokkurn hluta tjónsins. Þegar öll atvik eru skoðuð, þykir rétt, að stefnandi beri sjálfur tjón sitt að $\frac{1}{4}$ hluta, en stefndi bæti honum með fébótum tjón hans að $\frac{3}{4}$ hlutum.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfur sínar þannig í greinargerð:

1. Örorkubætur	kr. 395.351.50
2. Fyrir þjáningar, lýti og röskun á stöðu og högum —	100.000.00
3. Læknisvottorð, örorkumat, tjónútreikningur og endurrit	— 4.648.50
Samtals kr. 500.000.00	

Við munnlegan málflutning breytti stefnandi kröfum sínum þannig:

1. Upphæð samkvæmt endurútreikningi Guðjóns	
Hansens	kr. 337.514.00
+ 8% af kr. 198.148.00	— 15.851.00
Samtals kr. 353.365.00	
÷ örorkubætur, eingreiðsla og dagpeningar,	kr. 60.085.00
Samtals kr. 293.280.00	
2. óbreyttur samkvæmt greinargerð	kr. 100.000.00
3. Falli niður, kemur sem hluti málskostnaðar	
Kr. 393.280.00	

Um lið 1. Eins og áður segir, var stefnandi strax eftir slysið fluttur á Sjúkrahús Ísafjarðar, þar sem hann dvaldist um skeið. Hann leitaði sér svo lækninga síðar í Reykjavík, og þann 13. ágúst 1965 mat Páll Sigurðsson læknir örorku stefnanda af völdum slyssins. Þar sem sjúkrasaga hans kemur þar vel fram, þykir rétt að taka örorkumatið orðrétt upp í dóminn:

„Ólafur Sveinbjörn Vilhjálmsson, f. 26/6 1927, veghefilsstjóri, til heimilis að Urðarvegi 15, Ísafirði.

Vinnuslys 18. febrúar 1961.

Slysið varð með þeim hætti samkv. slysatilkynningu, að slasaði, sem vann hjá Vegagerð ríkisins sem veghefilsstjóri, var að vinna

í Súðavíkurhlíð innan við svonefndan Hafnarbás. Slasaði var að höggva klaka frá ræsum, er steinn kom fljúgandi úr hlíðinni fyrir ofan og lenti á höfði hans. Slasaði var fluttur á sjúkrahúsið á Ísafirði, og í vottorði Úlfs Gunnarssonar, sjúkrahússlæknis, 6/6 1961, þá segir, að um hafi verið að ræða 2 sár á höfði og dæld í höfuðkúpu (fract. cranii et vuln. capitis). Hann dvaldist á sjúkrahúsinu frá 18/2 til 1/4 1961, og er talið, að hann hafi verið meðvitundarlaus fyrsta sólarhringinn. Hann mun hafa byrjað vinnu að nýju 28. apríl 1961.

Ekki komu nein læknisvottorð um þennan mann til Tryggingastofnunarinnar fyrr en á þessu ári, en þá berst vottorð frá Gunnari Guðmundssyni, sérfr. í taugasjúkdómum, og er það vottorð svoljóðandi:

„Ólafur Vilhjálmsson, f. 26. 7. '27, til heimilis Urðarvegi 15, Ísafirði, hefir verið hjá mér til rannsóknar vegna afleiðinga höfuðáverka, er hann hlaut, að sögn, við vegavinnu á árinu 1961. Við áverkann missti Ólafur meðvitund, og var hann meðvitundarlaus í einn dag. Hann var rúmliggjandi í sjúkrahúsi Ísafjarðar næstu sjö vikurnar á eftir. Við slysið hlaut hann fract. cranii (depressions fractur á os parietale vinstra megin). Eftir slysið bar lengi vel á svimaköstum með rotatoriskum svima og slæmum höfuðverkjarköstum, sem staðið hafa yfir marga daga í senn. Þessi svimaköst fóru minnkandi fyrsta árið, en hann hefir fengið höfuðverkjarköst annað slagið síðan, en þó ekki eins slæm og í fyrstu. Sumarið 1961 vann hann á veghefli, en hann varð að hætta þeirri vinnu vegna höfuðverkjar. Fyrri hluta ársins 1962 fékk hann a. m. k. þrisvar yfirliðaköst, sem við frekari athugun hafa verið funktionel. Hann hefir fengið hvað eftir annað eins konar „titringsköst“, og borið hefir á mikilli hræðslu og kvíða, einkum þó á vinnustað, og fór þessi kvíði vaxandi fyrsta árið eftir slysið. Borið hefir á nokkru svefnleysi hjá honum, síðan hann slasaðist. Ólafur hefir verið frá vinnu samtals í um þrjá mánuði, síðan hann slasaðist, vegna áðurgreindra óþæginda. Oft hefir þurft að sækja lækni, þegar hann hefir fengið þessi „titringsköst“. Minni telur hann ekki eins gott og fyrir slysið. Hann segist hafa verið mjög heilsugóður fyrir slysið og alveg laus við höfuðverk.

Skoðun: Við skoðun ber ekki á neinni dysfasí eða dysarthrí. Það eru engin organísk mental einkenni. Nn. Kranialis: Eðlilegar heilataugar. Motorik: Tonus, trofík, grófir kraftar og reflexar eðlil. Babinski negat. bilat. Sensibilitet: Eðlil. Koordination: Engin einkenni um ataxí. Gangur eðlil. Sfinkterfunkt.: Eðlil. Röntgen

cranium: (3. 3. '62): Mikil depdpressions fractura á os parietale og sennilega eitthvað fram á frontale v. megin. Á ant. post. projection sést, að fragmina eru deprimeruð, a. m. k. um $1\frac{1}{2}$ cm. Defect ofantil, en ekki neðantil. Heilarit: 5. 3. '62: „eðlilegt EEG“ og 25. 3. '64: „Létt abnormalt EEG“. Við athugun á höfði finnst greinilega deformitet vegna brotsins vi. megin.

Álit: Sjúklingur hefir fengið fract. cranii með verulegri depression á beini og commotio cerebri við slysið, og áður nefnd einkenni, sem eru einkum posttraumatisk neurosa, eru afleiðing þess. Svimaköstin löguðust fyrstu 12—18 mánuðina og höfuðverkjaköstin einnig allverulega, en hin neurotisku einkenni hafa verið mikið til óbreytt síðan.

Núverandi einkenni, sem eru töluverður kvíði, svefnleysi og höfuðverkjaköst, eru mjög sennilega varanleg.

Slasaði hefur ekki komið til viðtals hjá undirrituðum, og byggðist matið á vottorði Gunnars Guðmundssonar.

Ályktun: Hér er um að ræða 38 ára gamlan mann, sem slasast við vinnu sína fyrir $4\frac{1}{2}$ ári. Eftir slysið virðist hann stöðugt hafa haft einhver óþægindi frá höfði, enda þótt hann hafi ekki, svo vitað sé, leitað lækna, eða a. m. k. liggja ekki fyrir vottorð um það. Samkv. vottorði sérfræðings í taugasjúkdómum þá hefur maðurinn nú aðallega neurotisk einkenni, og er tvímælalaust að hans dómi um að ræða posttraumatiska neurosu. Þessi einkenni eru aðallega kvíði, svefnleysi og höfuðverkjaköst, og telur hann, að þessi einkenni séu varanleg.

Þessi óþægindi mannsins verða tvímælalaust rakin til slyssins, og verður því að meta honum tímabundna og varanlega örorku af þeim sökum.

Þessi örorka telst hæfilega metin þannig:

Í 1 mánuð 100% örorka

- 1 — 75% —

- 1 — 50% —

- 6 mánuði 25% —

- 6 — 20% —

og síðan varanleg örorka 15% örorka“.

Á grundvelli þessa örorkumats hefur Guðjón Hansen tryggingafræðingur reiknað út atvinnutjón stefnanda, og liggur sá útreikningur fyrir á dskj. nr. 7 og 28. Útreikningur tryggingafræðingsins á dskj. nr. 7 er gerður 4. október 1965, og áætla

hann þar tapaðar vinnutekjur stefnanda frá slysdegi vegna tíma-
bundins örorkutaps 15 mánuði eftir slysið kr. 33.411.00
vegna varanlegs örorkutaps eftir það — 273.708.00

Kr. 307.119.00

Þennan útreikning endurskoðar tryggingafræðingurinn 8. marz
1969, og segir þar á þessa leið:

„Örorkutjón Ólafs S. Vilhjálmssonar.

Að beiðni yðar, herra hæstaréttarlögmaður, hef ég endurskoðað
útreikning minn frá 4. október 1965 í sambandi við slys það, er
Ólafur Sveinbjörn Vilhjálmsson, veghefilsstjóri, Urðarvegi 15,
Ísafirði, varð fyrir 18. febrúar 1961. Auk tíðra kauphækkana
hefur sú breyting orðið á reikningsgrundvelli í örorkubótamál-
um, að töflur miðast nú við 7% vexti p. a. í stað 6% vaxta. Valda
kauphækkarnir allmikilli hækkun niðurstöðu, en hækkun vaxta
vegur nokkuð á móti.

Vegna breytinga á kauptaxta þeim, sem lagður var til grund-
vallar við umreikning vinnutekna Ólafs árin 1958 og 1959 til
kauplags, eins og það hefur verið frá slysdegi, hækkar tekju-
grundvöllurinn frá 10. nóvember 1965 að telja, og verða árs-
tekjur sem hér segir:

Frá 10/11 til 30/11 1965	kr. 160.170.00
— 1/12 1965 til 28/2 1966	— 163.897.00
— 1/3 til 31/5 1966	— 166.691.00
— 1/6 til 30/6 1966	— 173.212.00
— 1/7 til 31/8 1966	— 179.274.00
— 1/9 1966 til 30/11 1967	— 182.166.00
— 1/12 1967 til 18/3 1968	— 188.347.00
— 19/3 til 31/5 1968	— 192.585.00
— 1/6 til 31/8 1968	— 194.534.00
— 1/9 til 30/11 1968	— 196.526.00
Eftir þann tíma	— 204.380.00

Tekið skal fram, að verðlagsuppbót samkvæmt samningi frá
18. marz 1968 er mismunandi eftir því, hvernig árstekjurnar
skiptast í dagvinnu- og næturvinnutekjur, og hef ég
áætlað, að á árstekjur þær, sem hér um ræðir, komi 75% af
fullri verðlagsuppbót. Ekki er reiknað með neinni hækkun tekna
vegna hækkunar vísitölu 1. þ. m.

Með þeim breytingum, sem hér hafa verið gerðar á tekjugrundvelli fyrri útreiknings, og með því að nota 7% töflur um starfsorkulíkur reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

Vegna tímabundins orkutaps 15 mánuði eftir slysið kr. 33.217.00

Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma — 304.297.00

Samtals kr. 337.514.00

Vegna óvissu í kaupgjaldsmálum hef ég reiknað, hve mikill hluti ofangreindrar fjárhæðar á rót sína að rekja til tímans eftir 1. marz 1969, og er þar um að ræða kr. 198.148.00. Mundi þessi fjárhæð hækka í sama hlutfalli og árstekjur, ef hækkun ætti sér stað og yrði látin gilda frá 1. þ. m.

Svo sem getið var um í sambandi við fyrri útreikning, verður niðurstaða um 3,4% hærri, ef umreiknaðar meðaltekjur Ólafs árin 1958, 1959, 1962 og 1963 eru lagðar til grundvallar.

Um forsendur fyrir útreikningi þessum, aðrar en þær, sem hér hafa verið tilgreindar, skírskotast til fyrri útreiknings“.

Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem allt of háum og krefst þess, að hann verði lækkaður, meðal annars með tilliti til þess, að bætur sem þessar eru undanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari. Þá telur hann vaxtafótinn of háan og að ekki komi til mála að greiða vexti aftur í tímann, þar sem dregið hafi úr hömlu að gera reka að málinu, sbr. dskj. nr. 8, en að því atriði verður vikið undir lið 2.

Stefnandi hefur krafizt 8% hækkunar á kr. 198.148.00, eða kr. 15.851.00, vegna óvissu í kaupgjaldsmálum til hækkunar á þessum lið. Stefnandi hefur ekki rökstutt þennan lið nægjanlega, og verður hann því ekki tekinn til greina.

Þegar framangreind atriði eru virt og lækkunarkröfur stefnda eru hafðar í huga, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega metnar á kr. 204.000.00, og hafa þá verið dregnar frá bætur þær, er hann hefur þegar fengið greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins vegna slyssins.

Um lið 2. Stefnandi hefur mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum. Hér að framan hefur meiðslum stefnanda verið rækilega lýst og sjúkrasaga hans sögð eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja. Þegar öll atvik eru virt, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega metnar á kr. 60.000.00.

Stefndi hefur sérstaklega lagt áherzlu á það við munnlegan

málflutning, að stefnanda yrðu ekki dæmdir vextir nema frá útgáfudegi stefnu, þar sem hann hafi ekki gert nægilegan reka að málinu og rannsókn þess dregið úr hömlu. Þegar þess er gætt, að stefndi, Vegagerð ríkisins, lét ekki þegar í stað hefja lögreglurannsókn út af slysinu, svo sem henni bar, og þegar það er haft í huga, að ekki sáust fyllilega allar þær afleiðingar, sem af slysinu leiddu, þykir ekki verða fallið á þá skoðun stefnda, að málssókn þessi hafi dregið svo úr hömlu, að ástæða þyki til að víkja frá hinni viðteknu reglu að dæma vexti frá slysdegi.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi verður dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 198.000.00, þ. e. $\frac{3}{4}$ af 204.000.00 + 60.000.00, auk vaxta, sem þykja hæfilega ákveðnir 7%, frá 18. febrúar 1961 til greiðsludags og kr. 52.183.00 í málskostnað. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni stefnanda, Gísla Ísleifssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 28.875.00 í talsmannslaun.

Dóm þennan kvað upp Kristján Jónsson borgardómari ásamt Páli Flygenring verkfræðingi og Tryggva Þorsteinssyni lækni.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. Vegagerðar ríkisins, greiði stefnanda, Ólafi S. Vilhjálmssyni, kr. 198.000.00 auk 7% árs-vaxta frá 18. febrúar 1961 til greiðsludags og kr. 52.183.00 í málskostnað. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni stefnanda, Gísla Ísleifssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 28.875.00 í talsmannslaun.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.